

GJALDSKRÁ

umhverfisgjalda í Vesturbyggð.

Söfnun og meðhöndlun sorps.

1. gr.

Í samræmi við samþykkt um söfnun og meðhöndlun sorps í Vesturbyggð, leggur sveitarfélagið gjöld á lögaðila, félög og/eða fasteignir innan sveitarfélagsins til að standa straum af kostnaði við sorphirðu, -endurvinnslu og -eyðingu.

2. gr.

A. Umhverfisgjald A.

Umhverfisgjald er innheimt árlega fyrir einstakar íbúðir, þ.e. íbúðarhúsnæði 25.000 kr. og fyrir orlofshús 25.000 kr.

Hirðingagjald er innheimt árlega 15.800 kr. á hverja sorptunnu í þéttbýli.

Gjald er lagt á hvert lögþýli 40.000 kr. og/eða íbúðarhúsnæði í sveitum, þó svo að þessir aðilar þurfi að sækja þjónustu á næsta gámaplan. Á móti kemur að baggaplast verður sótt heim á bæi tvísvar á ári í samræmi við framangreinda samþykkt. Umhverfisgjald er innheimt með fasteignagjöldum. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

B. Umhverfisgjald B.

Umhverfisgjald annarra lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnana, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir:

Flokkur 1	53.550 kr.
Flokkur 2	107.100 kr.
Flokkur 3	160.650 kr.
Flokkur 4	267.750 kr.
Flokkur 5	374.850 kr.
Flokkur 6	642.600 kr.
Flokkur 7	skv. mati.

Bæjarstjórn skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka skv. mati skipaðrar matsnefndar. Matsnefndin er skipuð af bæjarstjóra, forstöðumanni tæknideildar og skrifstofustjóra. Mat nefndarinnar tekur mið af umfangi starfsemi og sorpsamsetningu viðkomandi aðila. Þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í gjaldskrárvíðauka. Matsnefnd er heimilt að endurskoða mat sitt telji hún ástæðu til að ætla að aðstæður aðila hafi breyst.

Umhverfisgjald innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir en þeim sem ekki eiga fasteignir mun verða gert að greiða gjaldið skv. reikningi sem gefinn verður út í byrjun árs. Gjalddagar umhverfisgjalda verða þeir sömu og fasteignagjalda. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

3. gr.

Að lokinni álagningu umhverfisgjalds B skv. 2. gr. gefst gjaldendum 30 daga gjaldfrestur til að gera athugasemdir við skipun í gjaldflokk. Óski gjaldandi endurskoðunar á skipun í gjaldflokk skal hann leggja fram skriflega greinargerð, þar sem fram kemur ítarlegur rökstuðningur við ástæður þess að gjaldandi telur flokkun óréttmæta. Matsnefnd mun taka greinargerðina til skoðunar og leggja sitt álit fyrir bæjarstjórn sem tekur endanlega afstöðu til gjaldflokks viðkomandi.

4. gr.

Matsnefnd er heimilt að leita álits sorphirðuverktaka um umfang og eðli þess sorps sem fellur til hjá einstökum gjaldendum umhverfisgjalds B. Slík álitsgerð skal vera skrifleg og óski gjaldandi þess skal matsnefnd útvega honum afrit af álitsgerðinni. Nefndin getur nýtt sér þetta álit til að ákvarða

nánar skipun aðila í gjaldflokka. Telji nefndin að gjaldfloksviðmiðanir í viðauka sem birtur er með gjaldskránni, t.d. varðandi starfsmannafjölda, gefi ekki rétta mynd af eðli og/eða umfangi þess sorps sem til fellur hjá einstaka aðilum er henni heimilt að víkja frá viðmiðum. Nefndin getur einnig nýtt sér álit sorphirðuverktaka til að ákvarða gjald einstakra aðila sem er skipað í 7. flokk gjaldskrárinnar. Endanlega afstöðu til flokkunar aðila í gjaldflokka tekur bæjarstjórn.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá umhverfisgjalda í Vesturbyggð nr. 122 frá 24. janúar 2012.

Vesturbyggð, 12. desember 2012.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.

VIÐAUKI
Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalfa B.

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Vesturbyggðar fyrir umhverfisgjald:

1. flokkur:
 - a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
 - b) Söluturnar án veitingaaðstöðu
 - c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir)
 - d) Lítill hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
 - e) Bílaleigur
2. flokkur:
 - a) Lítill iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
 - b) Meðalstór hótél eða gistiheimili (fyrir 11-25 gesti)
 - c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
 - d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
 - e) Leikskólar
 - f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
 - g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári)
3. flokkur:
 - a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
 - b) Miðlungs verslun
 - c) Áhaldahús
 - d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
 - e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
 - f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
 - g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar, hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
 - h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)
4. flokkur:
 - a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
 - b) Skólar (31 nemandi eða fleiri)
 - c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
 - d) Stærri veitingahús (16 gestir eða fleiri)
 - e) Stærri fiskverkanir (501-1.000 tonn á ári)
 - f) Bankar og sparisjóðir

Nr. 1237

12. desember 2012

- g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrtækni (5-7 starfsmenn)
 - h) Bensínstöðvar
5. flokkur:
- a) Minni fiskvinnslustöðvar (100-2.000 tonn/ári)
 - b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtækni (8 starfsmenn og fleiri)
6. flokkur:
- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2.000 tonn/ári og yfir)
 - b) Heilbrigðisstofnun
7. flokkur:
- a) Fyrirtæki sem rúmast illa innan flokka 1 – 6. Gjald lagt á skv. mati nefndar að lokinni athugun á umfangi og eðli þess sorps sem til fellur frá gjaldanda.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2013